

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 63/2018

frá 23. mars 2018

### um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 frá 17. desember 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skyldur vörsluaðila <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1212 frá 25. júlí 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlaðar málsmeðferðir og form fyrir framlagningu upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 30f (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/44/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„30g. **32016 R 0438**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/438 frá 17. desember 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skyldur vörsluaðila (Stjtið. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 11).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. er orðunum „sem gilda á EES-svæðinu“ bætt við á eftir orðunum „framkvæmdargerðanna sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 4. mgr. 107. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013“.

30h. **32016 R 1212**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1212 frá 25. júlí 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 78, 24.3. 2016, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 199, 26.7. 2016, bls. 6.

varðar staðlaðar málsmeðferðir og form fyrir framlagningu upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (Stjtíð. ESB L 199, 26.7.2016, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/438 og reglugerðar (ESB) 2016/1212, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB og 2014/91/ESB inn í EES-samninginn, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.